



## Til aðildarfélaga KSÍ

Reykjavík, 31. mars 2019

### Efni: Óúttekin leikbönn í bikarkeppni KSÍ

Á hverju vori fær skrifstofa KSÍ ótalmargar fyrirspurnir um óúttekin leikbönn frá síðustu leiktíð. Ævinlega er félögum bent á að þeim hafi verið tilkynnt um leikbönn með tölvupósti og það sé á þeirra ábyrgð að gæta þess að leikmenn sem eigi eftir að taka út leikbönn geri svo eða sbr. starfsreglur Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ:

*Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokkum.*

Skrifstofa KSÍ hefur nú tekið saman lista til upplýsingar fyrir félögin um þá leikmenn í meistaraflokki sem eiga eftir að taka út leikbönn vegna leikja í **bikarkeppni 2018**. Á listanum eru leikmenn skráðir í þau félög sem þeir fengu leikbann með. Frá þeim tíma kunna þessir leikmenn að hafa skipt um félag og er því mjög mikilvægt að öll félög kynni sér listann bæði hvað varðar stöðu leikmanna frá 2018 og einnig stöðu leikmanna sem gengið hafa til liðs við félagið. Listinn gefur ekki upplýsingar um óúttekin leikbönn í öðrum flokkum.

Leikbönn í **deildarbikarkeppni KSÍ** koma hér hvergi við sögu enda er almenna reglan sú að refsingar í deildarbikarkeppni KSÍ séu eingöngu teknar út í leikjum í deildarbikarkeppni KSÍ.

### Listinn er birtur með eftirfarandi fyrirvara:

Allir úrskurðir Aga- og úrskurðarnefndar 2018 um leikbönn voru tilkynntir félögunum með tölvupósti. Ef leikmaður hefur ekki tekið út leikbann sitt 2018 vegna brottvísunar flyst leikbannið í fyrsta eða fyrstu leiki í bikarkeppni KSÍ í viðkomandi flokki (nema leikmaðurinn fari upp um aldursflokk og flyst þá leikbannið með honum þangað). Þessi listi er því hvorki tilkynning um leikbann né leysir hann leikmann undan leikbanni. Listinn er aðeins til upplýsinga og áminning til félaganna um að skoða úrskurði Aga- og úrskurðarnefndar frá síðasta ári sem sendir voru sendir með tölvupósti og athuga hvort leikmenn eigi eftir að taka út leikbönn.

Athugið að listinn nær eingöngu til leikbanna í bikarkeppni KSÍ. Sendur verður út annar listi til féлага sem nær til leikbanna í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ.

Ef aðildarfélög finna villu í listanum er þau vinsamlega beðin um að tilkynna Hauki Hinrikssyni, [haukur@ksi.is](mailto:haukur@ksi.is) eða Þorvaldi Ingimundarsyni, [thorvaldur@ksi.is](mailto:thorvaldur@ksi.is), á skrifstofu KSÍ um það. Ef félög eru í vafa um leikbönn er þeim bent á að hafa samband við Hauk, s. 510-2912.

*Með kveðju,  
f. h. KSÍ,*

Þorvaldur Ingimundarson

Hjálagt: Áðurnefndur listi.

**FYRIRVARI: LISTI ÞESSI ER HVORKI TILKYNNING UM LEIKBANN NÉ LEYSIR HANN LEIKMANN UNÐAN LEIKBANNI HELDUR BER AÐ FARA EFTIR TÖLVUPÓSTI FRÁ AGA- OG ÚRSKURÐARNEFND FRÁ 2018.**

**LEIKMENN SEM VORU ÚRSKURÐAÐIR Í LEIKBANN Í BIKARKEPPNI 2018 OG EIGA ÚTISTANDANDI REFSINGU.**

**LEIKMENN ERU SKRÁÐIR Í ÞAÐ FÉLAG SEM ÞEIR UNNU TIL REFSINGAR MEÐ EN GETA VERIÐ HLUÐGENGIR MEÐ ÖÐRU FÉLAGI NÚ Í UPPHAFI MÓTS OG BER ÞEIM AÐ TAKA ÚT REFSINGU MEÐ ÞVÍ FÉLAGI.**

**Unnið úr gögnum Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ frá 2018 og leikjaskrá KSÍ frá 2018.**

<b>2 leikir</b>	
Nafn	Félag 2018
Lukman Ayodeji Abidoye	Afríka
Guðmundur Magnússon	Fram
Caitlyn Alyssa Clem	Selfoss
<b>1 leikur</b>	
Nafn	Félag 2018
Kári Ársælsson	Augnablik
Eyþór Helgi Birgisson	Árborg
Ingbór Birkir Árnason	Árborg
Sigurvin Ólafsson	Ármann
Jóhann Sveinn Sveinsson, liðsstjóri	
Ragnar Bragi Sveinsson	Fylkir
Almar Vestmann	Geisli A.
Arnar Freyr Ólafsson	HK
Gunnar Logi Gylfason	Hvíti Riddarinn
Sindri Snær Ólafsson	Hvíti Riddarinn
Sindri Snær Magnússon	ÍBV
Tómas Veigar Eiríksson	KF
Arnór Sveinn Aðalsteinsson	KR
Njörður Þórhallsson	KV
Kristján Páll Jónsson	Leiknir R.
Þórður Halldórsson	Nökkvi
Nicole C. Maher	Sindri
Ómar Ingi Guðmundsson	Ýmir

**Þessi listi er hvorki tilkynning um leikbann né leysir hann leikmann undan leikbanni. Listinn er aðeins til upplýsinga og áminning til félaganna um að skoða úrskurði Aga- og úrskurðarnefndar frá síðasta ári sem sendir voru sendir með tölvupósti og athuga hvort leikmenn eigi eftir að taka út leikbönn.**